



GJALDSKRÁ FYRIR HUNDAHOLD Á AKRANESI

1. gr.

Af hundum á Akranesi skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald á Akranesi, nr. 782/2010, sbr. 11. gr. hennar.

2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

- | | |
|--|------------|
| a) Skráning | kr. 15.870 |
| b) Skráning eftir útrunninn frest ¹ | kr. 19.780 |

3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

- | | |
|--|------------|
| a) Fyrir hvern hund | kr. 19.780 |
| b) Fyrir hvern hund þegar eigandi hefur lokið námskeiði ² | kr. 13.860 |

4. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. gr. a og 3. gr. svo og árleg ormahreinsun.

5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

- | | |
|---|------------|
| a) Fyrsta afhending hunds | kr. 19.780 |
| b) Önnur afhending hunds, ef hún er innan tveggja mánaða | kr. 26.390 |
| c) Þriðja afhending hunds, ef hún er innan tveggja mánaða | kr. 32.970 |

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

¹ Sbr. 1. mgr. 3. gr. samþykktar um hundahald nr. 782/2010.

² Sbr. 7. gr. þessarar gjaldskrár.



6. gr.

Gjalddagi skv. 3. gr. er 1. febrúar og eindagi er 1. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

7. gr.

Hafi leyfishafi lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi, viðurkenndu af skipulags- og umhverfissviði Akraneskaupstaðar lækka gjöld skv. 3. gr. gjaldskrár þessarar um 30%. Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

8. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Akraness staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um hundahald á Akranesi nr. 782/2010, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hundahald á Akranesi nr. 1127/2017.

Gjaldskráin var samþykkt af bæjarstjórn Akraness þann **xx. desember 2018**.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

Akranesi, **xx. desember** 2018.

Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri